

Námskrá í íslensku 1.-10. bekkur

Samvinnuverkefni skólaþjónustu Árnesþings og grunnskóla á svæði
skólaþjónustunnar

Unnið á vormisseri 2015

Agnes Harpa Hreggviðsdóttir Flóaskóla, Anna Margrét Sigurðardóttir Kerhólsskóla, Guðbjörg Þóra Bláskógaskóla, Katrín Guðjónsdóttir Flúðaskóla, Magnþóra Kristjánsdóttir Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Kristín Gísladóttir Þjórskárskóla og Viktoría Kristinsdóttir Grunnskólanum í Hveragerði

Formáli

Á fundi skólastjóra og skólaþjónustu Árneshóla í desember 2014 kom fram sú hugmynd að mynda starfshópa kennara til þess að móta námskrá fyrir hverja námsgrein. Í starfshópnum myndu koma saman sterkir faggreinakennarar úr hverjum skóla og setja saman námskrá byggða á Aðalnámskrá grunnskóla og námskrá skólanna sjálfra. Skólarnir geta nýtt vinnuna beint inn í sína námskrá með þeim breytingum sem hentar á hverjum stað. Þá var einnig rætt við ráðgjafa hjá Mentor um að með nýrri kynslóð mentorkerfisins gætu skólar opnað fyrir þann möguleika að deila verkefnum, kennsluáætlunum og öðru efni í gegnum sameiginlega námskrá.

Í vinnuhópnum um íslenskunám störfuðu sjö kennarar úr þeim sjö skólum sem standa saman að verkefninu. Hópurinn hittist tvisvar sinnum á vinnufundum. Einn heilan dag og einn hálfan. Auk þess var í tölvusamskiptum og vann ákveðna vinnu á milli funda. Mikill kraftur og fagmennska einkenndi vinnuna og er full ástæða til þess að þakka þessum sjö kennurum fyrir góða vinnu.

Ólína Þorleifsdóttir, kennsluráðgjafi

1. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði
- Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga
- Geti lært, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt í leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti átt góð samskipti, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Efli málproska og skýra framsögn
- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Læri hljóð, tákni og heiti bókstafanna
- Geti tengt hljóð saman í orð
- Þekki algengar orðmyndir
- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið orð og stuttar setningar
- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur og kynnist sögum og ævintýrum
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar
- Kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá

- **Ritun**

Nemandi:

- Þekki skrifaráttina
- Dragi rétt til stafs
- Þjálfist í fín- og grófhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum
- Haldi rétt á skriffæri
- Skrifi orð eða stuttar setningar um ákveðið efni
- Læri að búa til og nota hugarkort
- Geti búið til myndasögu
- Fái margskonar tækifæri til þess að skrifa, semja sögur eða ljóð með eða án aðstoðar

- **Málfræði**

Nemandi:

- Skilji hvað rím er og geti fundið orð sem ríma
- Kynnist hugtökunum hljóð, bókstafur, atkvæði og setning
- Þekki sérhljóða og samhljóða
- Kynnist hugtökunum samheiti og andheiti

2. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði
- Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti átt góð samskipti, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Öðlist meiri málþroska og skýra framsögn
- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn
- Þjálfist í að hlusta á og fara eftir munnlegum fyrirmælum
- Geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Þekki algengar orðmyndir
- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið léttan texta með skilningi og unnið með hann
- Geti lesið í hljóði í stuttan tíma í senn, t.d. yndislestur
- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, blaðagreinum og fleira.
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar
- Kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá
- Geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim
- Kynnist hugtökunum söguþráður, sögupersónur og boðskapur
- Geti endursagt sögu í aðalatriðum
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)

- **Ritun**

Nemandi:

- Þjálfist skriftaráttina
- Dragi rétt til stafs
- Vandir skrift og frágang
- Hafi bil á milli orða
- Þjálfist fín- og grófhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum

- Haldi rétt á skriffæri
- Kynnist hástöfum og lágstöfum
- Skrifri orð eða stuttar setningar um ákveðið efni
- Læri að búa til og nota hugarkort
- Kynnist hugtökunum upphaf, miðja og endir
- Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás
- Fái margskonar tækifæri til þess að skrifa, semja sögur eða ljóð með eða án aðstoðar

- **Málfræði**

- **Nemandi:**

- Skilji hvað rím er og geti fundið orð sem ríma
 - Þekki hugtökin hljóð, bókstafur og setning
 - Þekki sérhljóða og samhljóða
 - Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti, eintölu og fleirtölu og kynnist samsettum orðum
 - Þekki stafrófsþuluna

3. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti átt góð samskipti, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Öðlist meiri málþroska og skýra framsögn
- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn
- Þjálfist í að hlusta á og fara eftir munnlegum fyrirmælum
- Geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Þekki algengar orðmyndir
- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið texta með skilningi og unnið með hann
- Geti lesið í hljóði í stuttan tíma í senn, t.d. yndislestur
- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, blaðagreinum og fleira.
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar eftir sínu áhugasviði
- Þekki hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá
- Geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim
- Þjálfist í að beita hugtökunum söguþráður, sögupersónur og boðskapur
- Geti endursagt sögu í aðalatriðum
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)
- Þekki greinarmerkin punkt, kommu, spurningamerki og gæsalappir

- **Ritun**

Nemandi:

- Dragi rétt til stafs
- Vandí skrift og frágang

- Hafi bil á milli orða
- Þjálfí fín- og grófhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum
- Haldi rétt á skriffæri
- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð, sendibréf og fleira
- Noti hugarkort
- Noti hugtökin upphaf, miðja og endir
- Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás
- Skrifi texta í tölvu og beiti einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

- **Málfræði**

- **Nemandi:**

- Geti leikið sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki
- Geti unnið með hugtökin hljóð, bókstafur og setning
- Þekki sérhljóða og samhljóða og geti unnið með þá
- Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti, eintölu og fleirtölu og samsett orð
- Geti raðað í stafrófsröð eftir öðrum staf í orði
- Kynnist orðflokkunum nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum
- Geti unnið með kyn, tölu og fall
- Geti unnið með algeng orðtök og málshætti

4. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði og nýti sér um leið helstu greinarmerki við upplestur
- Hlusti á upplestur af ýmsum toga
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Geti komið fram og tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp
- Geti hlustað á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- Geti nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið texta með skilningi og unnið með hann
- Geti lesið í hljóði sér til gagns og gamans
- Geti aukið orðaforða sinn, lestrarhraða, lesskilning og málskilning
- Læri vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, blaðagreinum og fleira.
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar eftir sínu áhugasviði og lestrargetu
- Þekki hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá
- Geti lesið og farið eftir fyrirmælum
- Geti beitt hugtökunum söguþráður, sögupersónur, umhverfi og boðskap
- Geti endursagt sögu í aðalatriðum
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)
- Þekki einföld hugtök í bragfræði eins og rím, kvæði, vísu og ljóðlínu
- Þekki greinarmerkin punkt, kommu, spurningamerki og gæsalappir
- Geti lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

- **Ritun**

Nemandi:

- Haldi rétt á skriffæri, dragi rétt til stafs og skrifi skýrt og læsilega
- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð, sendibréf og fleira
- Noti hugarkort
- Geti beitt grundvallarreglum í stafsetningu og noti hjálpargögn við hæfi.
 - Stór og lítill stafur, punktur, minn/mín reglan, -ng/-nk reglan
- Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta
- Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás
- Skrifi texta í tölvu og beiti einföldustu aðgerðum í ritvinnslu
- Geti deilt skrifum sínum með öðrum með upplestri eða lestri lesenda

• **Málfræði**

Nemandi:

- Geti leikið sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki
- Geti unnið með hugtökin hljóð, bókstafur, setning og málsgrein
- Þekki sérhljóða og samhljóða og geti unnið með þá
- Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti, eintölu og fleirtölu og samsett orð auk sérnafna og samnafna
- Geti raðað í stafrófsröð og þekki notagildi þess við leit og skipulag
- Þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og geri sér grein fyrir mismunandi hlutverki þeirra
- Geti unnið með kyn, tölu, fall nafnorða
- Þekki stigbreytingu lýsingarorða
- Þekki nútíð og þátíð sagnorða
- Geti unnið með algeng orðtök og málshætti

5. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði og nýti sér um leið helstu greinarmerki við upplestur
- Hlusti á upplestur af ýmsum toga
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Geti komið fram og tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp
- Geti hlustað á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- Geti nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum á gagnrýninn hátt og greint aðalatriði og áróður t.d. í auglýsingum

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið texta með góðum hraða og skilningi og unnið með hann
- Geti lesið í hljóði sér til gagns og gamans
- Geti nýtt orðaforða sinn til að auka lestrarhraða, lesskilning og málskilning
- Læri vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, goðsögum, dæmisögum, blaðagreinum og fleira.
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar eftir sínu áhugasviði og lestrargetu
- Nýti sér uppbyggingu bóka, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá í verkefnavinnu
- Geti beitt hugtökunum söguþráður, sögupersónur, umhverfi og boðskapur, tími og sögusvið
- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)
- Þekki einföld hugtök í bragfræði eins og rím, ljóðstafi og ljóðlínu
- Geti lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

- Geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum á gagnrýninn hátt

- **Ritun**

- Nemandi:**

- Haldi rétt á skriffæri, dragi rétt til stafs og skrifi skýrt og læsilega af öryggi
- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð, sendibréf og fleira bæði á tölvutæku sem handskrifuðu formi
- Noti hugarkort við skipulagningu verkefna
- Geti beitt grundvallarreglum í stafsetningu og noti hjálpargögn við hæfi.
 - Stór og lítill stafur, punktur, minn/mín reglan, -ng/-nk reglan
- Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta
- Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás
- Skrifi texta í tölvu og beiti nokkrum aðgerðum í ritvinnslu
- Geti deilt skrifum sínum með öðrum með upplestri eða lestri lesenda

- **Málfræði**

- Nemandi:**

- Geti leikið sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki
- Þekki mun á setningu og málsgrein
- Þekki sérhljóða og samhljóða og geti unnið með þá
- Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti, eintölu og fleirtölu og samsett orð auk sérnafna og samnafna
- Geti raðað í stafrófsröð eftir fleiri stöfum en fyrsta staf og þekki notagildi þess við leit og skipulag
- Þekki helstu einkenni nafnorða, sagnorða og lýsingarorða og geri sér grein fyrir mismunandi hlutverki þeirra
- Geti unnið með kyn, tölu, fall nafnorða
- Geti stigbreytt lýsingarorð
- Þekki nútíð og þátíð sagnorða
- Geti unnið með algeng orðtök og málshætti

6. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði með raddstyrk sem hæfir aðstæðum og nýti sér um leið helstu greinarmerki við upplestur
- Hlusti á upplestur af ýmsum toga með athygli og skilningi
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Geti komið fram og tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp
- Geti nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum á gagnrýninn hátt og greint aðalatriði og áróður t.d. í auglýsingum

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið texta með góðum hraða og skilningi og túlkað hann
- Geti lesið sér til gagns og gamans og gert öðrum grein fyrir álitinu sínu og upplifun á því sem lesið er
- Geti bætt orðaforða sinn með lestri til að auka lestrarhraða, lesskilning og málskilning
- Læri vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, goðsögum, dæmisögum, blaðagreinum og fleira.
- Nýti sér uppbyggingu bóka, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá í verkefnavinnu
- Geti beitt hugtökunum söguþráður, sögupersónur, umhverfi og boðskapur, tími og sögusvið
- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)
- Þekki einföld hugtök í bragfræði eins og rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
- Kynnist hefðbundnum og óhefðbundnum ljóðum

- Geti lesið úr skýringarmyndum, kortum og myndritum og túlkað þær
- Geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum á gagnrýninn hátt

- **Ritun**

- **Nemandi:**

- Skrifu skýrt og læsilega af öryggi
- Getu samið og skrifað texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð, sendibréf og fleira bæði á tölvutæku sem handskrifuðu formi
- Noti hugarkort við skipulagningu verkefna
- Getu beitt helstu atriðum í stafsetningu og greinamerkjasetningu sem áður hafa verið lögð inn
- Getu nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta
- Getu búið til sögu/myndasögu með atburðarás
- Þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta
- Skrifu texta í tölvu og beiti nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísa til heimilda
- Getu með skrifum sínum haft ákveðinn lesanda eða lesendahóp í huga

- **Málfræði**

- **Nemandi:**

- Getu leikið sér með tungumálið á mismunandi og viðeigandi hátt
- Þekki mun á setningu og málsgrein
- Þekki sérhljóða og samhljóða og getu unnið með þá
- Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti, eintölu og fleirtölu og samsett orð auk sérnafna og samnafna
- Getu raðað í stafrófsröð eftir fleiri stöfum en fyrsta staf og þekki notagildi þess við leit og skipulag
- Kynnist helstu einkennum fallorða, sagnorða og óbeygjanlegra orða
- Getu unnið með kyn, tölu, fall nafnorða
- Getu stigbreytt lýsingarorð
- Getu greint nútíð og þátíð sagnorða og nýtt sér við textagerð
- Getu notað algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli

7. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði með raddstyrk sem hæfir aðstæðum og nýti sér um leið helstu greinarmerki við upplestur
- Hlusti á upplestur af ýmsum toga með athygli og skilningi
- Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Geti komið fram og tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp
- Geti nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum á gagnrýninn hátt og greint aðalatriði og áróður t.d. í auglýsingum

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið texta með góðum hraða og skilningi og túlkað hann
- Geti lesið texta við hæfi, sér til gagns og gamans og gert öðrum grein fyrir álitinu sínu og upplifun á því sem lesið er
- Geti bætt við orðaforða sinn með lestri til að auka lestrarhraða, lesskilning og málskilning
- Læri vísur, ljóð og þulur og kynnist fjölbreyttum frásögnum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum, goðsögum, dæmisögum, blaðagreinum og fleira.
- Nýti sér uppbyggingu bóka, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá í verkefnavinnu
- Geti beitt hugtökunum söguþráður, sögupersónur, umhverfi og boðskapur, innri og ytri tími, sjónarhorn og söguvið
- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega
- Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá)
- Geti beitt hugtökum í bragfræði eins og rími, ljóðstöfum, hrynjandi, líkingum og boðskap
- Þekki muninn á hefðbundnum og óhefðbundnum ljóðum
- Geti lesið úr skýringarmyndum, kortum og myndritum og túlkað þær

- Geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum á gagnrýninn hátt

- **Ritun**

- Nemandi:**

- Skrifi skýrt og læsilega af öryggi með persónulegri rithönd
- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti með ýmsum stílbrögðum
- Noti hugarkort við skipulagningu verkefna
- Geti beitt helstu atriðum sem áður hafa verið lögð inn í stafsetningu og greinamerkjasetningu af nokkru öryggi
- Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta
- Geti búið til sögu/myndasögu með atburðarás
- Þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta
- Skrifi texta í tölvu og beiti nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, skrái og vísi til heimilda
- Geti með skrifum sínum haft ákveðinn lesanda eða lesendahóp í huga

- **Málfræði**

- Nemandi:**

- Geti leikið sér með tungumálið á mismunandi og viðeigandi hátt og hafi skilning á gildi þess að bæta það
- Þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein
- Geti nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum.
- Þekki helstu einkenni fallorða, sagnorða og óbeygjanlegra orða
- Geti unnið með kyn, tölu, fall nafnorða
- Geti stigbreytt lýsingarorð
- Geti greint nútíð og þátíð sagnorða og nýtt sér við textagerð
- Geti beitt málfræðihugtökum til að ræða um málið
- Geti notað algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli

8. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði með raddstyrk sem hæfir aðstæðum og tileinki sér viðeigandi talhraða, fas og tjáningu
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Geti komið fram, tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp og tekið þátt í rökræðum
- Geti hlustað á, nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum á gagnrýninn hátt og greint aðalatriði og áróður t.d. í auglýsingum
- Kynnist íslenskri dægurmenningu s.s. kvikmyndum, sjónvarpsefni og bókmenntum

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar og átti sig á mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi
- Geti lesið fjölbreyttan texta með góðum hraða og skilningi og beitt mismunandi lestraraðferðum s.s. skimun, ítarlestri, gagnvirkum lestri o.fl.
- Geti valið og lesið texta við hæfi, sér til gagns og gamans og gert öðrum grein fyrir áliti sínu og upplifun á því sem lesið er
- Geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði s.s. söguþræði, sögupersónum, umhverfi, boðskap, innri og ytri tíma, sjónarhorni, söguviði, minni og fléttu og kannist við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega
- Geti beitt hugtökum í bragfræði eins og rími, ljóðstöfum, hrynjandi, líkingum og boðskap, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum
- Geti lesið úr skýringarmyndum, kortum og myndritum og túlkað þær
- Leiti og afli sér heimilda úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum á gagnrýninn hátt

- **Ritun**

- Nemandi:**

- Skrifi skýrt og læsilega af öryggi með persónulegri rithönd
 - Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti með ýmsum stílbrögðum og nýti sér orðabækur og önnur hjálpargögn
 - Noti hugarkort við skipulagningu verkefna
 - Geti beitt helstu atriðum sem áður hafa verið lögð inn í stafsetningu og greinamerkjasetningu af nokkru öryggi
 - Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta
 - Þjálfist í uppsetningu og frágangi á texta
 - Skrifi texta í tölvu og beiti helstu aðgerðum í ritvinnslu, skrái og vísi til heimilda
 - Geti með skrifum sínum haft ákveðinn lesanda eða lesendahóp í huga

- **Málfræði**

- Nemandi:**

- Geti leikið sér með tungumálið á mismunandi og viðeigandi hátt og hafi skilning á gildi þess að bæta það
 - Þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein, beinni og óbeinni ræðu
 - Þekki uppflertimyndir orða til að leita í orðabókum og öðrum gagnabrunnum
 - Geti notað algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli, þekki víðtæk orð og sértæk, samheiti og andheiti, margræðni, nýyrði og tökuorð
 - Geti beitt málfræðihugtökum til að ræða um málið
 - Þekki samsett orð, ósamsett, orðhlutar; rót, stofn, viðskeyti, forskeyti, beygingarendingar, afleidd orð.
 - Þekki i-hljóðvarp, u-hljóðvarp, klofning, hljóðskipti.
 - Þekki einhljóð, tvíhljóð og atkvæði.
 - Þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni orðflokka
 - **Fallorð:**
 - **nafnorð:** Kyn, tala, fall, beyging (veik og sterk), stofn, sérnöfn, samnöfn, hlutstæð orð og óhlutstæð, eintöluorð og fleirtöluorð, fallvaldur, kenniföll, fallbeyging, aðalfall, aukaföll.

- **fornöfn:** Kyn, tala, fall, undirflokkar.
- **töluorð:** Kyn, tala, fall.
- **greinir:** Viðskeyttur og laus.
- **lýsingarorð:** Kyn, tala, fall, beyging, stig (frumstig, miðstig, efstastig), stofn.
- **Óbeygjanleg orð:**
 - **atviksorð** – t.d. *hér, þar, úti, inni, uppi, niðri, þarna, hérna, aldrei, oft*
 - **forsetningar** – t.d. *og, en, eða, þegar, sem*
 - **samtengingar**– t.d. *til, frá, um, í, á, undir*, vegna, meðfram,
 - **nafnháttarmerki** – aðeins eitt orð – *að*
 - **upphrópanir**– t.d. *hæ, hó, jæja, vá, ó, á*
- **Sagnorð:**
 - Tíðbeyging, stofn, kennimyndir, beyging sagnorða (veik, sterk), orsakasagnir, persóna, tala, persónulegar og ópersónulegar sagnir, aðalsögn, hjálparsögn, nafnháttur, boðháttur.

9. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði með raddstyrk sem hæfir aðstæðum og tileinki sér viðeigandi talhraða, fas og tjáningu
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Geti komið fram, tjáð eigin skoðanir fyrir framan hóp og tekið þátt í rökræðum
- Geti hlustað á, nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum á gagnrýninn hátt og greint aðalatriði og áróður t.d. í auglýsingum
- Kynnist íslenskri dægurmenningu s.s. kvikmyndum, sjónvarpsefni og bókmenntum

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar og átti sig á mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi
- Geti lesið fjölbreyttan texta með góðum hraða og skilningi og beitt mismunandi lestraraðferðum s.s. skimun, ítarlestri, gagnvirkum lestri o.fl.
- Geti valið og lesið texta við hæfi, sér til gagns og gamans og gert öðrum grein fyrir áliti sínu og upplifun á því sem lesið er
- Geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði s.s. söguþræði, sögupersónum, umhverfi, boðskap, innri og ytri tíma, sjónarhorni, söguviði, minni og fléttu og kannist við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega
- Geti beitt hugtökum í bragfræði eins og rími, ljóðstöfum, hrynjandi, líkingum og boðskap, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum
- Geti lesið úr skýringarmyndum, kortum og myndritum og túlkað þær
- Leiti og afli sér heimilda úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum á gagnrýninn hátt

- **Ritun**

- Nemandi:**

- Skrifi skýrt og læsilega af öryggi með persónulegri rithönd
- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti með ýmsum stílbrögðum og nýti sér orðabækur og önnur hjálpargögn
- Noti hugarkort við skipulagningu verkefna
- Geti beitt helstu atriðum sem áður hafa verið lögð inn í stafsetningu og greinamerkjasetningu af nokkru öryggi
- Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag í byggingu texta
- Þjálfist í uppsetningu og frágangi á texta
- Skrifi texta í tölvu og beiti helstu aðgerðum í ritvinnslu, skrái og vísi til heimilda
- Geti með skrifum sínum haft ákveðinn lesanda eða lesendahóp í huga

- **Málfræði**

- Nemandi:**

- Geti leikið sér með tungumálið á mismunandi og viðeigandi hátt og hafi skilning á gildi þess að bæta það
- Þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein, beinni og óbeinni ræðu
- Þekki uppflettimyndir orða til að leita í orðabókum og öðrum gagnabrunnum
- Geti notað algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli, þekki víðtæk orð og sértæk, samheiti og andheiti, margræðni, nýyrði og tökuorð
- Geti beitt málfræðihugtökum til að ræða um málið
- Þekki samsett orð, ósamsett, orðhlutar; rót, stofn, viðskeyti, forskeyti, beygingarendingar, afleidd orð.
- Þekki i-hljóðvarp, u-hljóðvarp, klofning, hljóðskipti.
- Þekki einhljóð, tvíhljóð og atkvæði.
- Þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni orðflokka s.s. skiptingu orða í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð, helstu beygingar fallorða og sagnorða, fallvalda, óreglulega og reglulega stigbreytingu lýsingarorða o.fl.
- **Fallorð**
 - **nafnorð:** Kyn, tala, fall, beyging (veik og sterk), stofn, sérnöfn, samnöfn, hlutstæð orð og óhlutstæð, eintöluorð og

fleirtöluorð, fallvaldur, kenniföll, fallbeyging, aðalfall, aukaföll.

- **fornöfn:** Kyn, tala, fall, undirflokkar, sérstæð og hliðstæð.
- **töluorð:** Kyn, tala, fall.
- **greinir:** Viðskeyttur og laus.
- **lýsingarorð:** Kyn, tala, fall, beyging, stig (frumstig, miðstig, efstastig), stofn.
- **Óbeygjanleg orð:**
 - Atviksorð, forsetningar, samtengingar, nafnháttarmerki, upphrópanir.
- **Sagnorð:**
 - Tíðbeyging, stofn, kennimyndir, beyging sagnorða (veik, sterk, blönduð; ri-sagnir og núþálegar sagnir), orsakasagnir, persóna, tala, hættir, myndir, áhrifssagnir, áhrifslausar sagnir, persónulegar og ópersónulegar sagnir, aðalsögn, hjálparsögn, afleiddar myndir.

10. bekkur

- **Talað mál, hlustun og áhorf**

Nemandi:

- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði með raddstyrk sem hæfir aðstæðum og tileinki sér viðeigandi talhraða, fas og tjáningu
- Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði
- Geti farið eftir samskiptareglum, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Geti komið fram, tjáð eigin skoðanir með ýmsum hætti og rökstutt á þann hátt sem hentar hverju sinni
- Geti hlustað á, nýtt og endursagt efni af rafrænu formi sem og öðrum miðlum á gagnrýninn hátt og greint aðalatriði og áróður t.d. í auglýsingum
- Kynnist íslenskri dægurmenningu s.s. kvikmyndum, sjónvarpsefni og bókmenntum

- **Lestur og bókmenntir**

Nemandi:

- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar og átti sig á mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi
- Geti lesið fjölbreyttan texta frá ýmsum tímum með góðum hraða og skilningi, geti greint aðalatriði frá aukaatriðum og beitt mismunandi lestraraðferðum s.s. skimun, ítarlestri, gagnvirkum lestri o.fl.
- Geti valið og lesið texta við hæfi, sér til gagns og gamans og gert öðrum grein fyrir áliti sínu og upplifun á því sem lesið er
- Geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði s.s. söguþræði, sögupersónum, umhverfi, boðskap, innri og ytri tíma, sjónarhorni, sögusviði, minni og fléttu og kannist við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- Geti endursagt texta í aðalatriðum, skriflega eða munnlega
- Geti beitt hugtökum í bragfræði eins og rími, ljóðstöfum, hrynjandi, líkingum og boðskap, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum
- Geti lesið úr skýringarmyndum, kortum og myndritum og túlkað þær
- Geti aflað sér heimilda úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum á gagnrýninn hátt

- **Ritun**

- Nemandi:**

- Skrifu skýrt og læsilega af öryggi með persónulegri rithönd
- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti með ýmsum stílbrögðum og nýti sér orðabækur og önnur hjálpargögn
- Noti hugarkort við skipulagningu verkefna
- Geti beitt helstu reglum í stafsetningu og greinamerkjasetningu og geri sér grein fyrir mikilvægi réttitunar og geti nýtt sér þau hjálpartæki sem í boði eru, s.s. villupúka, yfirlestur og handbækur
- Geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
- Hafi náð góðu valdi á uppsetningu og frágangi á ýmsum textagerðum
- Skrifu texta í tölvu og beiti helstu aðgerðum í ritvinnslu, skrái og vísi til heimilda
- Geti með skrifum sínum haft ákveðinn lesanda eða lesendahóp í huga

- **Málfræði**

- Nemandi:**

- Geti leikið sér með tungumálið á mismunandi og viðeigandi hátt og hafi skilning á gildi þess að bæta það
- Þekki mun á efnisgrein, málsgrein, setningu, beinni ræðu og óbeinni, frumlag, umsögn, andlag, sagnfylling, forsetningarliður, atviksliður, tengiliður, einkunn, aðalsetning og aukasetning
- Þekki uppflettimyndir orða til að leita í orðabókum og öðrum gagnabrunnum
- Geti notað algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli, þekki víðtæk orð og sértæk, samheiti og andheiti, margræðni, nýyrði og tökuorð
- Geti beitt málfræðihugtökum til að ræða um málið
- Þekki samsett orð, ósamsett, orðhlutar; rót, stofn, viðskeyti, forskeyti, beygingarendingar, afleidd orð
- Þekki i-hljóðvarp, u-hljóðvarp, kloffning, hljóðskipti
- Þekki einhljóð, tvíhljóð og atkvæði og kynnist mállýskum og staðbundnum framburðareinkennum
- Þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni orðflokka s.s. skiptingu orða í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð, helstu beygingar fallorða og sagnorða, fallvalda, óreglulega og reglulega stigbreytingu lýsingarorða o.fl.

- **Fallorð**
 - **nafnorð:** Kyn, tala, fall, beyging (veik og sterk), stofn, sérnöfn, samnöfn, hlutstæð orð og óhlutstæð, eintöluorð og fleirtöluorð, fallvaldur, kenniföll, fallbeyging, aðalfall, aukaföll.
 - **fornöfn:** Kyn, tala, fall, undirflokkar, sérstæð og hliðstæð.
 - **töluorð:** Kyn, tala, fall.
 - **greinir:** Viðskeyttur og laus.
 - **lýsingarorð:** Kyn, tala, fall, beyging, stig (frumstig, miðstig, efstastig), stofn.
- **Óbeygjanleg orð:** Atviksorð, forsetningar, samtengingar, nafnháttarmerki, upphrópanir
- **Sagnorð:** Tíðbeyging, stofn, kennimyndir, beyging sagnorða (veik, sterk, blönduð; ri-sagnir og núpálegar sagnir), orsakasagnir, persóna, tala, hættir, myndir, áhrifssagnir, áhrifslausar sagnir, persónulegar og ópersónulegar sagnir, aðalsögn, hjálparsögn, afleiddar myndir